

Fjölmennt kt. 580702-2440
og
Kennarasamband Íslands kt. 501299-3329
gera með sér samkomulag
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi

1. grein

Öll ákvæði gildandi kjarasamnings Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um laun og önnur starfskjör félagsmanna sambandsins í framhaldsskólum skulu einnig gilda sem lágmarkskjör fyrir félagsmenn KÍ sem gegna störfum við kennslu, ráðgjöf og stjórnun við Fjölmennt. Ofangreint eru lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningi og taka að lágmarki breytingum í samræmi við ákvæði hans.

2. grein

Um starfsréttindi, þ.m.t. aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, ráðningu, störf og orlof fer eftir ákvæðum laga og reglugerða er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir félagsmenn Kennarasambands Íslands í framhaldsskólum.

3. grein

Að auki er vísað til samkomulags aðila frá 12. júní 2002 og skjala því tengdu og fylgdu samningum er gerðir voru þegar Fullorðinsfræðsla fatlaðra var lögð niður sem ríkisstofnun og sjálfseignarstofnun með sama nafni, síðar Fjölmennt, tók við starfseminni. Öll gögn er varða kjör og réttindi félagsmanna KÍ frá þeim tíma eru fylgiskjöl þessa samkomulags.

Gert í Reykjavík 4. desember 2009

F.h. Fjölmennt

María Hildifórsdóttir

F.h. Kennarasambands Íslands

Adalheiður Sveingrímsdóttir

Yfirlýsing með samkomulagi Fjölmenntar og Kennarasambands Íslands
frá 4. desember 2009

Það er sameiginlegur skilningur stjórnar Fjölmennt og KÍ að aðilar taki ýmis atriði sem varða t.d. störf, vinnutíma o.fl. til endurskoðunar og útfærslu þegar nýr þjónustusamningur menntamálaráðuneytisins og Fjölmennt liggur fyrir.

F.h. Fjölmennt

María Hildifórsdóttir

F.h. Kennarasambands Íslands

Adalheiður Sveingrímsdóttir